

Fimmtudaginn 18. september 1997.

Nr. 164/1997.

# **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Berki Birgissyni**

(Kristján Stefánsson hrl.)

Rán. Líkamsárás. Skilorð.

## **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1997 að ósk ákærða. Ákærvaldið fellir sig við lýsingu mála-vaxta og röksemdir fyrir niðurstöðu í héraðsdómi, en krefst þess, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur, en til vara sýknu af broti á 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, og að refsing verði verulega milduð og gerð skilorðsbundin að öllu leyti. Þá er þess krafist, að dæmdar skaðabætur verði verulega lækkaðar.

Skaðabótakrafa Gunnars Reynis Pálssonar, sem vísað var frá héraðsdómi, er hér ekki til meðferðar, sbr. 1. mgr. 173. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ekki var þörf á, að héraðsdómur í máli þessu væri fjölskipaður. Dómarinn yfirheyrði ákærða og hlýddi á framburð sérfræðings í geðlækningum og fjallaði síðan um sakhæfi ákærða. Hefur ekki verið sýnt fram á, að meðferð hans á málinu að þessu leyti hafi verið ábótavant. Ber að þessu athuguðu að hafna kröfu ákærða um ómerkingu héraðsdóms.

Með vísun til rökstuðnings héraðsdóms þykir mega fallast á úr-lausn dómarans um sakfellingu, heimfærslu brota til refsíákvæða, refsingu og skaðabætur.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Ákærði greiði all-an áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar er kveðið á í dómsorði.

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Börkur Birgisson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. mars 1997.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. janúar 1997 að lokinni aðalmeðferð, er höfðað á hendur Berki Birgissyni, kt. 010679-4279, Frostafold 20, Reykjavík, samkvæmt ákæru, út gefinni á skrifstofu ríkissaksóknara í Reykjavík 22. október 1996, „fyrir rán og líkamsárás með því að hafa um klukkan 20.30 þriðjudaginn 9. júlí 1996 með lambhúshettu á höfði og fyrir andliti og með klaufhamar að vopni ruðst inn um bakdyr söluturnsins Hraunbergs, Hraunbergi 4, Reykjavík, og slegið Unni Birnu Reynisdóttur afgreiðslustúlku tvívegis með hamrinum. Lenti fyrra höggið á vinstri handlegg hennar um úlnlið, en stúlkan bar handlegginn fyrir höfuð sér, en síðara höggið lenti ofarlega á enni hennar miðju, svo að stúlkan féll við. Ákærði opnaði síðan báða peningaafgreiðslukassana og tók úr þeim um 42.000 krónur í peningum og 13.000 krónur í greiðsluseðlum. Ákærði skipaði stúlkunni að standa upp og sló hana með hamrinum eitt þungt högg í hnakkann, svo að hún hné niður, en ákærði hljóp á braut. Afleiðingar af þessum höggum urðu þær, að Unnur Birna hlaut mar efst á höfði, skurðsár á enni og í botni þess brákon í höfuðkúpu; einnig reyndist vinstri úlnliður bólginn.

Telst þetta varða við 252. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.

— — —

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu eru málavextir þeir, að þriðjudaginn 9. júlí 1996 kl. 20.39 var lögregla kvödd að söluturninum Hraunbergi 4. Tilkynnt hafði verið, að maður hefði ráðist inn í söluturninn með hamar að vopni. Er lögregla kom á vettvang, lá Unnur Birna Reynisdóttir á gólfinu, og blæddi mikið úr sári á höfði hennar. Henni til aðstoðar var vitnið Ingibjörg Fanney Pálsdóttir, sem komið hafði í söluturninn. Ingibjörg kvað Unni hafa sagt sér, að maður hefði ruðst inn í söluturninn bakdyra megin. Hefði hann verið með grímu á höfði og hamar í hendi og slegið hana með hamrinum í höfuðið og hlaupið út. Kvaðst Ingibjörg hafa komið inn í söluturninn, eftir að maðurinn var farinn, og því ekki séð hann. Unnur var flutt á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur í sjúkrabifreið. Á vettvangi fregnaði

lögregla, að maður, sem reyndist vera vitnið Björgvin Haraldsson, hefði hlaupið á eftir árársmanninum og fylgt honum eftir, þar til hann hljóp inn í íbúð að Hábergi 5. Vitnið Björgvin kvaðst hafa verið að aka fram hjá söluturninum og þá séð grímuklæddan mann með hamar í hendi. Hafi sá grímuklæddi barið að dyrum söluturnsins bakdyra megin. Þá hafi hann séð manninn ryðjast inn og rífa upp hamarinn, en hurðin hafi fallið að stöfum, og kvaðst Björgvin ekki hafa séð meira. Kvaðst hann í fyrstu hafa haldið, að eitthvert grín væri í gangi, en þótt þetta hálfðularfullt og því snúið við. Hafi hann þá séð manninn koma hlaupandi út úr söluturninum með hamarinn í hendi, og hafi hann þá verið að troða einhverju inn á sig. Kvaðst Björgvin þá hafa stokkið út úr bifreið sinni og hlaupið á eftir manninum, og hafi sá verið um sjö metra á undan sér. Kveðst Björgvin hafa fylgt honum eftir, þar til hann komst inn um svaladyr að Hábergi 5. Björgvin kvað manninn, sem hann elti, hafa verið með græna hettu á höfði, í dökkbláum „jogging“-buxum og bláum frakka og með hamar, sem hefði verið glær með svörtu handfangi. Lögreglan handtók síðan mann þann, sem Björgvin hafði elt, og reyndist hann vera ákærði. Ákærði leigði herbergi að Hábergi 5, en nýbúið var að vísa honum úr húsnæðinu. Ákærði var handtekinn og færður til blóðtöku á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, og að því loknu úrskurðaði varðstjóri hann í geymslu.

Á vettvangi gáfu sig einnig fram sem vitni Rúnar Guðleifsson og Bryndís Baldvinsdóttir, og kváðust þau skömmu áður hafa séð mann við norðurgöfl söluturnsins. Hefði hann verið í grænleitum, síðum frakka með skærgræna hettu yfir höfði og verið að toga hana niður á andlitið. Töldu þau hann hafa verið með dökkt hár og um það bil 180 cm á hæð.

Er ákærði var færður fyrir varðstjóra, kvaðst hann hafa farið inn í söluturninn í þeim tilgangi að ræna hann. Hann sagði, að með sér hefði verið maður, sem væri kallaður Feri, og hefðu þeir hist daginn áður á Arnarhóli, reykt þar hass og ákveðið að ræna einhvern söluturn. Hann sagðist ekki vita frekari deili á Fera. Hann kvað Fera hafa barið afgreiðslustúlkuna, svo að hún lá í gólfinu, er hann yfirgaf húsið.

Eigandi íbúðarinnar að Hábergi 5, Klara Egilson, heimilaði leit í allri íbúðinni. Kvað hún ákærða í raun ekki vera leigjanda þar lengur, þar sem hún hefði vísað honum úr íbúðinni, vegna þess að hann hefði ekki staðið við gefin loforð um umgengni. Hann hefði helgina áður verið með gesti í hennar vistarverum, gesti, sem hún hefði gert honum ljóst, að hún kærði sig ekki um. Taldi hún þar vera um að ræða eiturflyfjaneytendur og að ákærði væri að neyta eiturflyfja. Á meðan á hútleitinni stóð, kom móðir ákærða á staðinn. Var henni tilkynnt tilefni hútleitarinnar, og gerði hún ekki athugasemdir.

Í kútaskáp í eldhúsi fannst klaufhamar, sem húseigandi kannaðist við sem sína eign. Kvað hún hamarinn síðast hafa verið á eldhúsbordinu. Í herbergi ákærða fannst lambhúshetta svo og fatnaður, frakki, buxur og bolur, sem gat komið heim við lýsingu vitna á fatnaði árásarmannsins, þunnir gúmmíhanskar ljósleitir, sem voru ónotaðir í þakningu á gólfi herbergisins, svo og nokkur pör af hönskum, sýnilega notuðum, á gólfi og í hirslum herbergisins. Síðar, eftir ábendingu ákærða, fannst ránsfengurinn í baðherbergi íbúðarinnar og kortanótur í ruslapoka í herbergi ákærða. Var fatnaðurinn, lambhúshettan og hamarinn haldlagt í þágu rannsóknar. Þá fannst síðar við athugun í tæknideild RLR í vasa innan á frakkanum ein kortanóta vegna viðskipta í söluturninum Hraunbergi sama dag klukkan 20.00.

Miðvikudaginn 10. júlí 1996 var tekin skýrsla af Unni Birnu Reynisdóttur, þar sem hún var rúmliggjandi á heimili sínu. Hún var við vinnu í söluturninum, þegar framangreint rán var framið, og meiddist við árásina. Hún kvaðst hafa verið ein við vinnu í söluturninum og telur, að barið hafi verið á bakdyr hans um klukkan 20.30. Bakdyrnar snúi út að Hraunbergi, en aðaldyr út að bílastæði við húsið. Starfsfólk og eigendur noti aðallega bakinnanganginn, sem sé ávallt læstur. Hún kveðst hafa verið stödd í afgreiðslunni, þegar hún hafi heyrt barið, og farið til að opna, en áður en hún hafi verið komin að dyrunum, hafi hurðin verið „rifin upp“, og virðist hún því hafa verið hvíklæst. Í sömu andrá hafi maður komið æðandi inn með lambhúshettu á höfði og fyrir andliti og með hamar reiddan til höggs. Hafi hann óhikað ráðist að sér og lamið til sín, þannig, að höggstefnan hafi verið að höfði sínu. Hún kveðst hafa borið fyrir sig vinstri hönd, svo að hamarshögg-ið hafi lent á vinstri handlegg sér um úlnið. Hafi maðurinn þá reitt hamarinn strax aftur til höggs og lamið hana með hamrinum í höfuð, þannig, að það högg hafi lent ofarlega á miðju enni hennar. Við þetta kvaðst hún hafa fallið í gólfið og maðurinn staðið yfir sér með hamarinn á lofti og sagt: „Ef þú hreyfir þig, þá drep ég þig!“ Kvaðst hún hafa svarað manninum því, að hún yrði kyrr. Maðurinn hefði síðan farið að peningaafgreiðslukössum í afgreiðslunni og hún heyrt hann opna kassana, svo að ljóst sé, að hann hafi kunnað eða vitað, hvernig það var gert, sem reyndar sé ekki öðruvísi en að stutt sé á ákveðna takka á kössunum. Kveður hún manninn hafa komið aftur að, þar sem hún lá á gólfinu, og skipað sér að standa upp, sem hún hafi gert. Hann hafi þá sagt sér að snúa sér við þannig, að hún hafi snúið baki við honum. Hann hafi skipað sér að ganga inn smágang, þar sem sé salerni og skrifstofa. Er hún hafi verið rétt komin að dyrum salernisins, hafi hún fengið þungt högg með hamrinum, að hún telur í hnakkann, og lyppast við það í gólfið, en ekki misst meðvitund. Kvaðst hún hafa orðið vör við, að

hann fór inn á skrifstofuna og kom þaðan aftur. Í því kveðst hún hafa heyrt einhvern kalla: „Hæ, hvað ert þú að gera?“ – og orðið vör við, að einhver var að koma inn um bakdyrnar. Við það hafi maðurinn forðað sér út og maður komið á eftir honum. Hún segist hafa legið við salernisdyrnar og ekki þorað að standa upp, fyrr en hún hafi verið viss um, að maðurinn væri farinn. Hafi hún þá séð bíl fyrir utan, sem hún kannaðist við sem bíl eins fasta-„kúnna“ söluturnsins, og áttað sig á, að ökumaður hafi verið sá, sem hafi komið inn og farið á eftir manningnum. Aðspurð um lýsingu á manningnum kvað hún hann hafa verið 171–173 cm á hæð, grannan, að henni fannst, og giskaði á ekki meira en 50 kg á þyngd. Hann hefði verið klæddur í dökkan, millisíðan frakka með band um mitti, sem hafi verið fast reyrt. Hann hefði verið með lambhúshettu á höfði og fyrir andliti með einu gati fyrir bæði augu. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir, hvernig buxur mannsins eða skór voru, og ekki hafa þekkt hann. Unnur kvaðst vera viss um, að maðurinn hefði vitað nákvæmlega, hvað hann var að gera; hann hafi gengið hiklaust til þessa verks og verið með nákvæmar skipanir til hennar. Hún kvaðst hafa horft í augu hans og fundist augnaráð hans geðveikislegt, aldrei séð slíkt áður. Hún kveðst ekki hafa verið í vafa um, að maðurinn hafi ætlað að drepa sig, og álitur, að hefði vegfarandinn ekki komið sér til hjálpar, hefði maðurinn lamið sig frekar með hamrinum og valdið sér enn meiri skaða, ef þá ekki lífláti. Henni virtist maðurinn vera kunnugur í söluturninum, kvað hann hafa gengið beint til verks, er hann opnaði afgreiðslukassana, og greinilega kunnað það. Þá kvaðst hún vera viss um, að hann hefði verið búinn að kanna það inn um glugga söluturnsins, að engir „kúnna“ væru þar. Eftir að maðurinn var farinn og hún hafði hringt eftir hjálp, hefði sér farið að sortna fyrir augum og hún því lagst í gólfið. Sér hefði liðið talsvert illa, og blætt hefði úr sárinu á höfði sér. Aðspurð um, hvað hefði verið tekið, kvað hún venjulega vera um 5–7.000 krónur í skiptimynt í hvorum afgreiðslukassa, en auk þess hefðu verið þar tekjur dagsins, sem hefðu ekki verið miklar þennan dag, enda komi mikill hluti teknanna eftir klukkan 22.00. Hún vildi ekki áætla fjárhæðina í kössunum, en kvað dagsveltu geta orðið allt að 100.000 krónur. Hún kvaðst kæra áráðarmanninn til refsingar og áskildi sér rétt til að koma að bótakröfu vegna meiðsla og miska.

Sama dag var tekin skýrsla af vitninu Björgvini Guðmundi Haraldssyni. Hann kvaðst hafa verið á leið að heiman frá sér kvöldið áður klukkan 20.30 til þess að skila vídeóspólu í myndbandaleigu í Eddufelli. Þegar hann hefði ekið vestur Hraunberg, hefði hann tekið eftir manni, sem stóð við dyr á norðurhlið verslunarhúss við Hraunberg, og kvaðst hann hafa vitað, að þessar dyr væru inn í vörulager söluturnsins, sem þarna er. Kvaðst hann

hafa séð, að maðurinn var með græna lambhúshettu á höfði, og voru göt fyrir augu og, að hann hélt, fyrir munn, en ekki nef. Hefði maðurinn verið að berja á dyrnar, og kvaðst hann hafa séð, að hann hélt á hamri, sem var klaufhamar með krómaðan haus á svörtu skafti. Hélt hann fyrst, að þetta væri eitthvert grín, en þá séð, að dyrnar voru opnaðar og að maðurinn réðst óhikað að stúlku, sem opnaði. Kvaðst hann hafa snúið bílnum við, er hann kom að gatnamótum Hraunbergs og Austurbergs, og ekið inn á bílastæðið við aðalinnganginn í söluturninn. Hann hafi stokkið út úr bílnum og skilið hann eftir með vélina í gangi og hlaupið inn í söluturninn. Er hann hafi komið inn, hafi hann séð afgreiðslustúlkuna liggjandi á gólfinu og að það blæddi úr höfði hennar. Árásarmaðurinn hafi verið fyrir innan búðarborðið og eiginlega staðið í ganginum inn á lagerinn. Hann hafi haldið á hamrinum í vinstri hendi og verið að troða einhverju inn á sig, þegar vitnið kallaði til hans, hvað hann væri að gera. Hann hafi þá einnig reynt að setja hamarinn inn á sig, en ekki getað það og þá tekið til fótanna út um bakdyrnar. Kveðst hann þá hafa stokkið út um aðaldyrnar, klætt sig úr úlpunni, sem hann var í, hent henni ofan á bílinn og hlaupið á eftir árásarmanninum norður yfir Hraunbergið og þar upp grasflöt á milli húsa. Lýsti síðan vitnið eftirförlinni og handtöku ákærða.

Sama dag var einnig tekin skýrsla af vitninu Bryndísi Baldvinsdóttur og Rúnari Berg Guðlaugssyni, sem höfðu átt leið fram hjá um klukkan 20.30 og getið var í frumskýrslu.

Sama dag var ákærði yfirheyrður að nýju. Kvaðst hann hafa farið í söluturninn í Hraunbergi 4 kvöldið áður í fylgd með strák, sem hann nefndi Fera. Kvað hann Fera hafa átt frumkvæði að þessu og forgöngu og lýsti aðgerðum hans, en kvaðst sjálfur ekki hafa vitað, hvert erindið í söluturninn væri.

Að kröfu rannsóknarlögreglu var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald síðar þennan sama dag allt til miðvikudagsins 7. ágúst 1996 klukkan 14.00. Hafnað var kröfu um, að hann gengist undir geðrannsókn. Var úrskurður héraðsdóms staðfestur í Hæstarétti daginn eftir, 11. júlí, en þá hafði verið fallið frá kröfu um, að ákærði sætti geðrannsókn. Er málið var tekið fyrir til ákvörðunar um gæsluvarðhald, óskaði kærði eftir að breyta framburði sínum. Hann játtaði að hafa ráðist inn í söluturninn að Hraunbergi 4, Reykjavík, að kvöldi þriðjudagsins 9. júlí. Hann kvaðst hafa farið út þetta kvöld með lambhúshettu og hamar til að ræna „sjoppu“. Þegar hann hefði komið að sjoppunni, hefði hann sett á sig lambhúshettuna og barið á hurðina. Þegar afgreiðslustúlkan hafi reynt að loka dyrunum, hafi hann teygð höndina inn, danglað í höfuð henni með hamrinum og þannig komist inn. Stúlkan

hafi dottið í gólfið og hann tekið peninga úr kassanum og farið. Kvað hann fyrri framburð sinn um Fera vera bull. Aðspurður kveðst hann hafa tekið hamarinn með til þess að hræða stúlkuna. Hann kveðst hafa hlaupið út með hamarinn og peningana, en kveðst ekki hafa vitað, um hversu háa fjárhæð hafi verið að ræða. Kveðst hann hafa stungið peningunum í þunna gúmmíhanska og fleygt hankanum í garð og síðan farið heim til sín. Því næst hafi tveir menn bankað upp á hjá sér, en hann ekki hleypt þeim inn, og skömmu síðar hafi lögreglan komið og handtekið sig. Ástæðuna til verknaðarins kvað hann hafa verið peningaleysi, sig hafi vantað peninga fyrir leigu. Leigusali sinn hefði ætlað að henda sér út í gær. Aðspurður kvaðst hann vinna hjá Reykjavíkurborg. Var hann þá spurður, hvort hann ætti við andlega vanheilsu að stríða, en hann neitaði því. Hann kvaðst reykja hass, þegar hann ætti peninga, en það hefði verið sjaldan upp á síðkastið. Aðspurður um, hvort hann hefði farið í vinnu undanfarna daga, kvaðst hann hafa verið veikur af bronkítis í tæpa viku og því ekki hafa farið í vinnu. Hann kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna kvöldið áður.

Hinn 15. júlí 1996 var ákærði enn yfirheyrður vegna málsins, og sat hann þá í gæsluvarðhaldi. Hann lýsti þá aðdraganda ránsins á þann veg, að hann hefði komið heim til sín í Hábergið um klukkan 10.00 að morgni þriðjudagsins 9. júní, en hefði gist annars staðar um nóttina. Kveðst hann hafa verið heima, en man ekki, hvort hann var að horfa á sjónvarpið eða sofnað. Hann mundi ekki, hvort einhverjir komu í heimsókn, en kvað móður sína hafa komið einhvern tíma dagsins, sennilega seinni partinn, og þau hafi farið í Hagkaup í Hólagarði, þar sem hún hafi keypt meðal annars matvöru og fleira fyrir sig. Hafi þau að því loknu farið aftur heim til hans. Móðir sín hafi lítið staðið við hjá sér eftir það og farið. Hann kvaðst ekki muna, hve langur tími leið eftir það, en kvaðst síðan hafa ákveðið að fara í söluturninn í Hraunbergi til að ræna þar og ná sér í peninga. Þess vegna hafi hann farið í frakka, sem hann hafi nýlega sótt til móður sinnar, tekið klaufhamar, sem hafi verið á borði eldhúsinnréttingarinnar, og sett hann í frakkavasann. Einnig kveðst hann hafa tekið með sér þunna gúmmíhanska, sem hann átti heima hjá sér. Hann kveðst ekki muna, hvort hann setti hanskana á sig heima eða síðar. Hann kveðst hafa gengið eftir göngustíg, sem er frá fjölbýlishúsunum við Hábergið, og niður að Hraunbergi. Hann hafi farið að framhlið söluturnsins og séð þar inn um opnar dyrnar, að enginn viðskiptavinur var inni, en ekki séð, hver var við afgreiðslu. Kveðst hann þá hafa gengið suður fyrir húsið og ákveðið þarna endanlega að ræna söluturninn. Þess vegna hafi hann tekið þarna upp lambhúshettuna og sett hana á höf-

uðið. Kveðst hann síðan hafa gengið til baka fram hjá dyrum söluturnsins og að bakdyrum hans, sem snúi að Hraunbergi, og barið á þær dyr. Afgreiðslustúlkan hafi opnað dyrnar, og þegar hún hafi reynt að loka, kveðst hann hafa sett fót fyrir hurðina og hægri hönd inn um rifuna og haldið þá á hamrinum í þeirri hendi og náð að opna hurðina. Þegar hann hafi teygð höndina inn með hamrinum, hafi hamarinn lent í stúlkunni. Kveðst hann ekki hafa séð, hvar hann lenti, en kveðst síðar hafa séð, að blóð var á höfði stúlkunnar, og því hljóti hamarinn að hafa lent í höfði hennar. Hann kveðst hafa ýtt á hurðina og farið inn, þegar stúlkan hafi hörfað frá, og hafa séð, þegar hann kom inn, að stúlkan datt í gólfið. Kveðst hann hafa farið rakleitt að peningaafgreiðslukassa í afgreiðslu söluturnsins, þrýst þar á takka, sem opni skúffu kassans, og tæmt hólf skúffunnar, tekið þar seðla, og mundi hann eftir einum 5.000 króna seðli, slatta af 1.000 króna seðlum og stærri slatta af 500 króna seðlum, og þá hafi eitthvað af nótum slæðst með. Ekki kveðst hann vita, hver fjárhæðin hafi verið samtals, hann hafi ekki talið. Kveðst hann vera viss um að hafa einungis tekið peninga og nótur úr einum afgreiðslukassa, ekki tveimur, og ekki muna til þess, að verið hafi nema einn peningakassi í söluturninum. Hann kveðst hafa sett peningana í vasann á frakkanum svo og hamarinn og hlaupið út og sem leið lá heim til sín og farið þar inn um bakdyr. Kveðst hann hafa farið þar úr hönskunum og frakkanum og sett hann upp í efri skáp í fataskáp, sem sé í herberginu, og tekið af sér lambhúshettuna og hent henni út í horn. Skömmu síðar hafi verið hringt á dyrabjölluna, og hafi hann farið til dyra. Þar hafi verið maður, sem búi í næstu íbúð, og einhver annar maður, sem hann hafi ekki þekkt. Hafi sá sagt: „Þetta er hann“ – og sett fót milli stafs og hurðar. Kveðst ákærði hafa náð að loka, án þess að þeir kæmust inn. Eftir það kveðst hann hafa skipt um buxur og falið peningana, og í því hafi hann séð, að lögreglan var að koma. Hann hafi farið til að opna og farið út, og þar hafi hann verið settur í handjárn og færður í lögreglubíl. Nánar spurður kveðst hann einungis hafa „danglað“ einu sinni með hamrinum, þannig, að hann lenti í stúlkunni, þegar hann hefði sett höndina inn um dyrnar og stúlkan reynt að loka. Kveður hann sjónsvið sitt út um gatið á lambhúshettunni hafa verið þröngt, þar sem hettan hefði aflagast. Hann kveðst ekki gera sér grein fyrir, hvar stúlkan hafi verið, þegar hann fór út aftur, og ekki hafa orðið var við, að einhver kæmi þar að, þar sem hann var inni í söluturninum, né að einhver hefði fylgt sér eftir þaðan. Hann kveðst hafa barið á hurðina og stúlkan hefði opnað. Hann hafnaði þeim framburði stúlkunnar, að hann hefði slegið hana fleiri högg eða skipað henni að standa upp og slegið hana í hnakkann né að þau hefðu átt orðaskipti. Honum var sýndur

klaufhamar sá, er fannst í íbúðinni, og kannaðist hann við hann og að hafa verið með hann, er hann framdi ránið. Honum var sýndur fatnaður, sem fannst við leit í íbúðinni, og kannaðist hann við hann sem þann fatnað, er hann hefði verið í við ránið. Hann skýrði svo frá, að hann hefði skipt um föt og falið peningana til að villa á sér heimildir, þar sem sér var ljóst, að vitað var, hvar hann var eftir ránið. Hann vísaði síðan á ránsfenginn á dvalarstað sínum, og samkvæmt tilsögn hans fundust í baðherbergi Hábergs 5, í þvottaefnisbrúsa á bak við þvottavél, samtals 29.000 krónur, sem voru í eftirtöldum seðlum: 24×500 krónur, 10×1.000 krónur, 1×2.000 krónur, 1×5.000 krónur. Þá fundust í plastpoka í herbergi ákærða tíu greiðsluseðlar vegna kortaviðskipta, að fjárhæð 6.569 krónur, og í vasa frakka, sem fannst í skáp herbergisins, einn kortaseðill, að fjárhæð 1.000 krónur.

Ákærða var kynnt fram komin fjárkrafa Gunnars Reynis Pálssonar, eiganda söluturnsins Hraunbergs, samtals að fjárhæð 81.899 krónur, og að til frádráttar kröfunni myndu koma þeir fjármunir, sem fundust eftir tilvísun ákærða á dvalarstað hans, 29.000 krónur, auk 3.000 króna, sem hann hafði meðferðis við handtökuna, og væru eftirstöðvar kröfunnar því samtals 49.899 krónur. Ákærði mótmælti því, að 3.000 krónur, sem hann var með við handtöku, yrðu haldlagðar, þar sem þær væru ekki hluti ránsfengsins.

Spurður um tilefni ránsins kvaðst hann hafa verið peningalaus, skuldað móður sinni 12–13.000 krónur í húsaleigu, en leigusali verið búinn að segja sér að fara úr herberginu, og auk þess hafi hann skuldað eitthvað, sem hann kveðst ekki geta sagt frá. Hann hafi því ákveðið að ræna peningum úr söluturninum til að standa við þessar skuldbindingar. Aðspurður um neyslu áfengis og/eða vímuefna kvaðst hann hafa verið á lyfinu serol og einnig á pensillíni. Hann kvaðst hafa drukkið áfengi um helgina og síðast á sunnudeginum, nýtt amfetamíns um helgina, föstudag, laugardag og sunnudag síðast, og svo reykt hass á mánudeginum.

Hinn 7. ágúst 1996 var krafist framlengingar á gæsluvarðhaldsvist ákærða, en þeirri kröfu var hafnað sama dag. Hinn 13. september 1996 var móður ákærða og síðar ákærða kynnt bótakrafa Kristjáns Ólafssonar hrl. fyrir hönd Unnar Birnu Reynisdóttur, að fjárhæð 728.675 kr., og tók hann ekki afstöðu til kröfunnar.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dóminum, og var framburður hans þar í samræmi við það, er hann hafði sagt hjá lögreglu. Hann kvaðst hafa ákveðið, hvar hann ætlaði að ræna, um leið og hann lagði af stað, og látið til skarar skríða, þegar hann sá, að enginn viðskiptavinur var í söluturninum. Hann fullyrti, að hann hefði aðeins tekið úr einum kassa. Hann kvaðst ekkert vita um blóðið, sem var á kassanum, kvaðst halda, að hann sjálfur hefði ekki

verið blóðugur og ekki tekið eftir blóði á hamrinum. Hann taldi sig hafa verið á staðnum í u. þ. b. eina og hálfa mínútu. Hann fullyrti, að hann hefði tekið hamarinn með sér til að ógna með honum og ekki slegið stúlkuna viljandi. Hamarinn hefði lent á henni í umbrotunum um dyrnar; hún hefði ætlað að loka þeim, en hann sett hönd milli stafs og hurðar. Kvaðst hann ekki hafa séð stúlkuna, en fundið að hamarinn lenti á henni. Hurðin hafi losnað, og er hann kom inn, hafi stúlkann legið á gólfinu og blætt úr höfði hennar. Hún hafi kjökrað, og því hafi hann vitað, að hún var ekki „dauð“. Hann neitaði að hafa átt orðaskipti við stúlkuna eða farið inn í önnur herbergi. Einnig neitaði hann að hafa skipað stúlkunni að standa upp eða barið hana í hnakkann. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að neinn kæmi, og ekki hafa orðið var við, að neinn veitti sér eftirför. Hann kvaðst ekki vita, hvort hann hefði verið í óreglu, en staðfesti að hafa neytt áfengis og fíkniefna og verið á geðlyfi vegna þunglyndis. Hann kvaðst hafa lent í óreglu, eftir að hann losnaði úr gæsluvarðhaldi, en síðar farið á Vog til meðferðar og verið þar í tvær vikur og síðan undir læknishendi. Hann kvaðst hafa skilað öllum verðmætum, sem hann tók. Hann hafnaði öllum bótakröfum.

Framburður vitnisins Unnar Birnu Reynisdóttur var í samræmi við skýrslu, sem hún hafði gefið lögreglu. Hún fullyrti, að ákærði hefði rykkt upp dyrunum, áður en hún komst til að opna þær. Hafi þær verið hvíklæstar og hún verið komin mjög nálægt þeim. Kvað hún árásarmanninn hafa verið með lambhúshettu og með hamar á lofti. Hún fullyrti, að hún hefði borið fyrir sig hönd og fengið högg á úlnliðinn og síðan strax aftur og þá á ennið, og klaufin þá lent í enninu. Kvað hún þetta hafa verið þung högg og hann reitt hamarinn stöðugt. Kveðst hún hafa séð árásarmanninn allan, þegar hún fékk högginn. Kveðst hún hafa dottið við. Hún kveðst ekki hafa opnað kassana sjálf á eftir, þeir hafi verið opnir. Hún muni að hafa lokað kassanum hægra megin. Blóðið á kössunum geti stafað frá sér. Hún kvað þau hafa átt orðaskipti. Hún kvaðst hafa verið kyrr, þar sem hún lá, eins og hann skipaði henni, og ekki séð til hans, er hann opnaði kassana, en hafa heyrt klingja tvisvar í kössunum og því vitað, að hann opnaði báða kassana. Síðan hafi hann komið og skipað henni að standa upp og fara inn ganginn og inn að salerninu. Þar hafi hann slegið hana í hnakkann með hamrinum. Kveðst hún hafa séð hann í speglinum inni á salerninu, er hann sló með hamrinum. Síðan kveður hún hann hafa farið inn í herbergi á ganginum, en þá hafi verið kallað og hann farið. Hún kveðst hafa fengið höfuðáverka; sauma hafi þurft átta spor í enni, og hún hafi oft enn mikinn höfuðverk, sem leiði frá hnakka í enni og augu og valdi sjóntruflunum. Hún kveðst ekki hafa haft slík einkenni áður, og ekki hafi dregið úr þessu. Þá hafi hún nýlega misst jafnvægissskyn, er hún fór með flugvél. Hún kveðst hafa orðið

miður sín andlega og ekki hafa náð sér og kveðst ekki hafa treyst sér til að vinna í tvo mánuði eftir atburðinn.

Vitnið Björgvin Guðmundur Haraldsson kveðst fyrir dóminum hafa átt leið fram hjá í bíl og séð ákærða berja á bakdyr söluturnsins. Eftir nokkur sekúndubrot hafi dyrnar opnast og maðurinn rykkt þeim upp, reitt hamarinn til höggs og barið afgreiðslustúlkuna og dyrnar lokast að baki honum. Lýsir hann atvikinu sem hrottaskap. Kveðst hann hafa snúið bifreiðinni við og verið kominn í söluturninn aðaldyra megin eftir eina til tvær mínútur. Hafi ákærði þá staðið í ganginum, en hann heyrt í stúlkunni og því vitað, að hún var með lífsmarki. Hann hafi síðan hlaupið á eftir ákærða.

Vitnið Curtis P. Snook kveðst hafa tekið á móti Unni Birnu á slysadeild. Lýsti hann sárum hennar þannig, að á enni hefði verið bogadregið sár, sem náð hefði inn í höfuðkúpu, og hefði hún verið með brot án hliðrunar eða brákuð. Gæti sárið verið eftir högg með hamri, hnallinum, sem beitt væri dálítið á ská. Kvað hann eitt beint högg með hamri á höfuð geta verið lífs-hættulegt. Þá hefði verið kúla á úlnlið, mar og mikil bólga, og taldi hann þetta hafa verið áverka, ekki tilfallandi meiðsli. Enn fremur hefði hún verið með kúlu ofarlega á hnakka, sem vitnið taldi ekki hafa getað komið af falli vegna þess, hvar hún var staðfest. Kvað vitnið kúluna geta verið eftir ham-arshögg.

Vitnið Þorbjörn Sigurðsson lögreglumaður staðfesti frumskýrslu lög-reglu. Vitnið Ingibjörg Fanney Pálsdóttir hafði komið í söluturninn rétt eftir atburðinn og aðstoðaði Unni. Kvað hún peningakassann vinstra megin hafa verið opinn og kvaðst hafa lokað honum. Vitnið Helga Hannesdóttir geðlæknir lýsti vímuefnaneyslu ákærða fyrir atburðinn, geðlæðareinkennum og erfiðleikum í fjölskyldu sem og meðferð, er hann hefði verið í frá því í október 1996. Hún lýsti einnig þeim áhrifum, sem slík neysla væri líkleg til að hafa á ungling. Hún kvað líklegt, að vegna undanfarinnar neyslu hefði hann verið raunveruleikafirrtur, þegar atburðurinn varð, sem gæti lýst sér í ranghugmyndum og hömluleysi. Er hann kom í meðferð, hefði hann haft sjúkleg einkenni, svo sem minnisleysi, og verið í geðlæggð.

Niðurstaða blóðrannsóknar var, að ekkert alkóhól mældist í blóði ákærða, amfetamín ekki í mælanlegu magni í blóði né heldur benzódíazep-ínsambönd. Blóðsýni voru of lítil til ákvörðunar á kannabínóíðum.

Lagt var fram vottorð vinnuveitanda ákærða um, að hann hefði hafið störf í nóvember og staðið sig vel í vinnu.

#### *Niðurstaða.*

Með játningu ákærða, vitnisburði sjónarvotta og öðrum málsgögnum er sannað, að ákærði réðst grímuklæddur með hamar að vopni inn um bakdyr

söluturnsins Hraunbergs, Hraunbergi 4, Reykjavík, 9. júlí 1996 um kl. 20.30 í þeim tilgangi að komast yfir peninga. Ákærði hefur borið, að hann hafi farið að heiman með þann ásetning að ræna sjoppu og því haft með sér lambhúshettu og hamar; einnig var hann með gúmmihanska. Bjó hann í næsta nágreppi við söluturninn Hraunberg. Ákvað hann endanlega að fara þar inn, er hann sá, að enginn viðskiptavinur var á staðnum.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi aðeins ætlað að nota hamarinn til að hræða með, og neitar að hafa barið viljandi starfsmanninn Unni Birnu Reynisdóttur, heldur hafi hamarinn lent einu sinni á henni. Framburður ákærða um þetta er ekki trúverðugur. Gerð hefur verið grein fyrir meiðslum Unnar hér að framan. Var hún með áverka á þremur stöðum. Með vitnisburði Unnar og Björgvins Haraldssonar og af því, hversu miklir áverkar voru á úlnið og enni Unnar, verður að telja uppvíst, að ákærði hafi rykkt upp dyrunum og barið tvisvar með hamrinum í höfuð Unnar, en í fyrra sinnið tókst henni að bera hönd fyrir höfuð sér. Þykir ekki trúverðugt, að ákærði hafi óvart getað veitt svo þung högg með hendi, klemmdri á milli stafs og hurðar, eins og hann heldur fram. Bendir það einnig til ásetnings, að hann sinnti ekkert um, að stúlkan lá í blóði sínu á gólfinu. Ákærða er einnig gefið að sök að hafa, eftir að hann hafði farið í afgreiðslukassa, skipað Unni að standa upp, ganga að salerninu og lamið hana þar í hnakkann með hamrinum. Sannað er með læknisvottorði og framburði læknisins Curtis Snook, að Unnur var með kúlu efst á hnakka, er hún kom á slysa-deild. Taldi læknirinn áverkann vera svo ofarlega á höfðinu, að hann hefði ekki komið við fall. Staður þessa áverka styður frásögn Unnar, sem kveðst hafa séð ákærða í spegli salernisins slá sig með hamrinum. Vitnið Björgvin hefur borið, að stúlkan hafi legið nálægt salerninu, er hann kom inn. Þegar allt þetta er virt, þykir ekki varhugavert að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi einnig veitt henni þennan áverka.

Ákærði hefur játað að hafa framið verknaðinn í þeim tilgangi að ná sér í peninga, en neitar að hafa opnað nema annan afgreiðslukassann. Þykir sú fullyrðing ekki trúverðug. Vitnið Unnur kveðst hafa heyrt tvisvar klingja í kassa, sem var opnaður, og kveðst hafa lokað kassanum hægra megin eftir atburðinn. Vitnið Ingibjörg, sem kom að eftir atburðinn, kvað kassann vinstra megin hafa verið opinn og kvaðst hafa lokað honum. Samkvæmt myndum, er lögregla tók á vettvangi, hafa seðlahólf beggja kassanna verið tæmd. Þykir með þessu upplýst, að ákærði hafi farið í báða afgreiðslukassana.

Atferli ákærða þykir rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru, bæði er um rán og alvarlega líkamsárás að ræða. Við refsimat verður að líta til þess, að

verknaður ákærða var fólkskulegur. Hamar er hættulegt vopn, og sú aðferð, sem hann beitti, að slá til höfuðs stúlkunnar, var lífshættuleg. Af framburði vitnisins Unnar fyrir dóminum má ráða, að hún hefur langvinn einkenni, líkamleg og sálræn, sem rekja má til árásarinnar. Ákærði var ekki undir mælanlegum áhrifum vímuefna, er hann framdi ránið, en hefur borið að hafa reykt hasspípu þá um daginn. Atferli ákærða kann engu að síður að mega rekja til vímuefnaneyslu hans, sem mun hafa staðið í nokkra mánuði fyrir atburðinn. Lýsti vitnið Helga Hannesdóttir læknir alvarlegum áhrifum áfengis- og fíkniefnaneyslu á unga neytendur, og taldi hún, að líklegt væri, að neyslan hefði valdið því, að ákærði hefði verið raunveruleikafirrtur, þegar brotið var framið. Ákærði skipulagði brot sitt, og ásetningur hans var mótaður, er hann fór að heiman. Ekki þykir ástæða til að ætla annað en hann hafi verið ábyrgur gerða sinna. Á hinn bóginn þykir verða að íhuga alvarlega þá skoðun læknisins, að hann sé líklegur til að hafa verið raunveruleikafirrtur að einhverju marki. Slíkt ástand er hins vegar afleiðing neyslu vímuefna, sem hann sjálfur ber ábyrgð á, og verkar því ekki til mildunar refsingar. Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu. Hann er fæddur 1. júní 1979 og var því nýorðinn sautján ára, þegar hann fremur brotið. Með framburði ákærða sjálfs um töku geðlyfs og með framburði læknisins er upplýst, að hann átti við depurð að stríða fyrir og eftir verknaðinn og að erfiðleikar hafa verið í fjölskyldu hans. Hann fór í vímuefnaaðferð í október sl. og hefur gengið til læknis síðan og verið í vinnu frá því í nóvember. Er lagt fram vottorð um, að hann standi sig þar vel. Þegar allt þetta er haft í huga og með hliðsjón af 3., 4. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. og 2. tl. 1. mgr. 74. gr. alm. hgl. þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í átján mánuði. Hins vegar þykir, sérstaklega með tilliti til ungs aldurs ákærða, en einnig með hliðsjón af því, að hann á við geðræn vandamál að stríða samkvæmt framburði Helgu Hannesdóttur læknis, eftir atvikum rétt og vænlegra til að ná því markmiði refsingar, að ákærði brjóti ekki aftur gegn refsilögum, að fresta fimmtán mánuðum af refsingunni í fimm ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, og falli hún niður, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl., sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Honum skal jafnframt gert að sæta sérstökum skilyrðum í þrjú ár á skilorðstímanum, sem er umsjón samkvæmt 1. og 2. tl. 3. mgr. 75. gr., sbr. 58. gr., og því að neyta ekki áfengis eða fíkniefna samkvæmt 3. tl. 57. gr. alm. hgl. Frá refsivist skal samkvæmt 76. gr. alm. hgl. draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 10. júlí 1996 kl. 22.59 til 7. ágúst 1996 kl. 10.46, 28 daga.

Tvær bótakröfur hafa komið fram í málinu. Að því er varðar kröfu Gunnars Reynis Pálssonar, Birkibergi 22, Hafnarfirði, 49.899 kr., sem er eigandi

söluturnsins Hraunbergs, verður að líta til eftirfarandi: Vitnið Unnur gat ekki gert grein fyrir því, hversu miklir peningar hefðu verið í afgreiðslukössunum. Ákærða var veitt eftirför af vettvangi, og var hann handtekinn í beinu framhaldi og síðan gerð húsleit í hífýlum hans. Þykir ósannað, að ákærði hafi tekið meiri verðmæti en fundust í fórum hans samkvæmt málskjöllum, 29.000 kr., auk 3.000 kr., sem hann var með á sér við handtöku og ætla verður, að hafi verið hluti ránsfengsins, og greiðslunótur, samtals að fjárhæð 7.409 kr. Hefur þessum verðmætum verið skilað og upphafleg bóta-krafa lækkuð sem því nemur. Engin gögn hafa verið lögð fram til stuðnings öðrum kröfuliðum. Krafan er því vanreifuð, og er henni vísað frá dómi.

Kristján Ólafsson hrl. hefur gert kröfu fyrir hönd Unnar Birnu Reynisdóttur, kt. 021076-4659, samtals 728.675 kr., er sundurliðast þannig:

|                                                                            |                |                    |
|----------------------------------------------------------------------------|----------------|--------------------|
| 1. Tekjutap vegna fjarveru frá vinnu, tveir mánuðir                        | kr.            | 200.000            |
| 2. Bætur fyrir þjáningar og lýti                                           | –              | 500.000            |
| 3. Fatatjón (átælað að svo stöddu)                                         | –              | 10.000             |
| 4. Kostnaður við lögmannaðstoð, um 3 klst. @ 5.000, ásamt virðisaukaskatti | –              | 18.675             |
|                                                                            | <u>Samtals</u> | <u>kr. 728.675</u> |

Engin gögn hafa verið lögð fram til stuðnings kröfu þessari að frátöldum tveimur læknisvottorðum, er bæði fjalla um áverka við komu á slysadeild. Bótakrafan var ekki reifuð við aðalflutning málsins. Verður því ekki hjá því komist að vísa kröfunni frá að öðru leyti en tekur til 2. liðar, sem þykir mega ákveða á grundvelli gagna málsins og með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar 400.000 kr.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 120.000 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 kr.

Uppsaga dóms þessa hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómars.

Af hálfu ákæruvaldsins var málið sótt af Birni Helgasyni saksóknara.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Börkur Birgisson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Fresta skal fullnustu 15 mánaða af refsingunni í 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Frá refsivist skal draga gæsluvarðhaldsvist ákærða í 28 daga.

Frestun refsingarinnar er jafnframt bundin því skilyrði, að ákærði sæti fyrstu 3 ár skilorðstímans umsjón samkvæmt 1. og 2. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga og neyti ekki áfengis og fíkniefna, sbr. 3. tl. 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði skal greiða Unni Birnu Reynisdóttur 400.000 kr. í bætur.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar- og réttargæslulaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 120.000 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 kr.

---